

Fundur 8.1.2014 - skólaráð

Mættir: Þuríður, Hrafnhildur Þ., Elísa Mjöll, Birta Rut, Hlíf, Barbara, Hulda, Ingibjörg E.

Dagskrá fundarins:

- Hulda fór yfir verkefni nóvemberfundar og janúarfundar samkvæmt áætlun. Lagði til að janúarfundur flytjist í febrúar og nóvemberfundur verður núna með breytingum
- Innleiðing nýrrar námskrár - starfsmenn eru byrjaðir að lesa yfir grunnþættina sex. Hópar rýna í hvern þátt fyrir sig og kynna niðurstöður sínar. Drög verða tilbúin við lok skólaársins.
- Niðurstöður samræmdra prófa - komu mjög vel út á heildina lítið í öllum bekkjum.
- Skipulag vorannar - er samkvæmt skóladagatali með smávægilegum breytingum. 22. janúar kemur BUGL með fræðslu fyrir foreldra og aðra starfsmenn. H.A. leggur fyrir könnun um líðan og lífsstíl unglunga, 6., 8. og 10. bekk, verður lögð fyrir 10. febrúar, 12. mars skólahreystiferð á Akureyri með unglingadeildina. Stefnt er að því að hafa frumsýningu á Skilaboðaskjóðunni 5. apríl.
- Önnur mál
 - Tölvukostur skólans var tekinn í gegn fyrir jólafrí.
 - Fyrirkomulag breytinga í 1. – 4. bekk fer vel af stað þrátt fyrir að breytingar á stofum hafi ekki gengið í gegn ennþá.